

Fjórði fundur Gammadeildar haldinn á heimili Svönu Friðriksdóttur fimmtudaginn 12. desember, klukkan 19:30.

Rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir fjallaði um bækur sínar og sagði frá sjálfri sér. Hildur Jóhannesdóttir var með orð til umhugsunar og við sungum í okkur jólasöng. Veitingar voru í boði allra Gammasystra eins og venjan er á jólafundunum.

Eftir að Svana hafði boðið konur velkomnar á heimili sitt setti Kristín fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 28 konur fundinn.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh – Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Thorlacius, Hildur Jóhannesdóttir, Helga Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarisdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarisdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þórunn Björnsdóttir.

Hildur Jóhannesdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um nýútkomna bók, *Ég erfði dimman skóg*. Ljóðverkið er afrakstur tilraunastofu sjö kvenna sem vinna með skáldaða texta um arf kvenna, erfðasynd, rætur og kynslóðir. Ljóðið „Madrígal“ eftir Tomas Tranströmer varð höfundum bókarinnar uppspretta könnunarleiðangurs um innri skóga. Sjö raddir verða að einni. Ein rödd splundrast í margar á leið sinni um áhringi. Í skáldasamsteypunni Skóginum eru: Guðrún Inga Ragnarsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir, Heiðrún Ólafsdóttir, Hrafnhildur Þórhallsdóttir, Sigurlín Bjarney Gísladóttir, Soffía Bjarnadóttir og Æsa Strand Viðarsdóttir..

Hildur sagði okkur frá því hvaða hughrif kviknuðu við lesturinn. Hún hugsaði meðal annars um fjölskyldugildin, kosningarétt kvenna, opna umræðu um geðsjúkdóma, hvernig við erfum áhyggjur foreldra okkar og fleira.

Rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir kom í heimsókn, sagði frá sjálfri sér og las upp úr verkum sínum. Auður Ava fæddist í Reykjavík árið 1958. Hún er lektor í listfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur einnig kennt listfræði og listasögu við Leiklistarskóla Íslands og var um tíma forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands. Auður hefur sett upp myndlistarsýningar og fjallað um myndlist og listasögulegt efni í ýmsum fjölmiðlum. Auður hóf sinn ritlistarferil um fertugt en nú hefur hún hug á að helga sig ritlistinni og hætta að kenna í bili. Hún sagði okkur að hana langaði að halda áfram að vera rödd fyrir þá sem ekki hafa rödd í þjóðfélaginu. Von er á nýrri skáldsögu eftir Auði á næsta ári.

Fyrsta skáldverk Auðar var skáldsagan **Upphækkun jörð** sem kom út 1998. Önnur skáldsaga, **Rigning í nóvember**, kom síðan út 2004 og sú þriðja, **Afleggjarinn**, 2007 en hún hefur verið þýdd á 27 tungumál. Auður Ava sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók, **Sálminn um glimmer**, árið 2010. Auður sagði okkur að 27 eintök hafi selst af Sálminum um glimmer og þar af hafi móðir hennar keypt fimm eintök.

Auður hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir bækur sínar. **Rigning í nóvember** hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2004 og var einnig tilnefnd til Menningarverðlauna DV í bókmenntum ári síðar. **Afleggjarinn** margverðlaunuð bók, meðal annars hlaut hún Menningarverðlaun DV í bókmenntum 2008, Fjöruverðlaunin sama ár og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2009. Skáldsagan vakti mikla athygli í Frakklandi þegar hún kom þar út árið 2010 í þýðingu Catherine Eyjólfsson og einnig var franska þýðingin verðlaunuð í Quebec í Kanada vorið 2011.

Að lokum vakti Auður Ava athygli á nýútkominni bók um Nínu Sæmundsdóttur, sem hún sagði allt í senn, vandaða, fallega og áhrifamikla. En Nína var fyrsta íslenska konan sem gerði höggmyndalist að ævistarfi. Höfundur bókarinnar er Hrafnhildur Schram og segir bókina frá ferli Nínu og ótrúlega litríkri ævi hennar.

Góður rómur var gerður að upplestrinum og nokkrum spurningum varpað til höfundar. Augljóst var að Auður kunni vel við sig í hópi Gammasystra og gaf hún sér tíma til að drekka kaffi og spjalla við okkur.

FundarlokKristín færði Auði Övu og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins. Auði þakkaði hún skemmtunina og Svönu fyrir einstaklega hlýlegar móttökur.

Eftir að allir voru mettir og búið að ræða málin góða stund tók Þórunn Björnsdóttir við og stjórnaði söng okkar af sinni alkunnu snilld. Vel var tekið undir og mörg lög sungin – Sungum svo sannarlega í okkur jólaskeiðið þetta kvöld og héldum heim eftir ánægjulega kvöldstund með áhugaverðri dagskrá, ljúfum veitingum og yndislegum söng í góðum vinahópi.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.